HJARTADAGS HLAUPIÐ

KÓPAVOGS VÖLLUR 24 SEPT

Ágæta bæjarráð Kópavogs

Hjarta- og æðasjúkdómar eru helsta ástæða ótímabærra dauðsfalla í íslensku samfélagi. Rúmlega 200 manns á ári látast hér fyrir aldur fram vegna sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi. Að auki lifa tugir þúsunda einstaklinga með afleiðingar áfalla sem leiða til verulegra skertra lífsgæða.
Með viðeigandi forvarnaraðgerðum hefði verið hægt að koma í veg fyrir mikinn meirihluta þessara áfalla einstaklinga sem haldast heilbrigðir fram á efri ár en einnig gríðarlegur sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið allt.
Við vitum að með markvissum aðgerðum má hafa áhrif á þessa þætti og draga úr sjúkdómsbyrði. Þættir eins og reykingar, óhollt mataræði og hreyfingarleysi hafa legið til grundvallar stórum hluta kransæðasjúkdóma og eru sem betur fer á undanhaldi. Þetta má að miklu leyti þakka markvissum lýðheilsuinngripum. Við höfum líka skyggnst inn í framtíðina og sjáum að á næstu árum og áratugum eru það vaxandi offita og sykursýki sem koma til með að valda auknum ótímabærum dauðsföllum ef ekki verður gripið í taumana. Hér þurfa allir að leggjast á eitt til þess að ná árangri, stjórnvöld, sveitarfélög, íþróttafélög, skólar, fyrirtæki, fagfélög og heimili.

Í september ár hvert er Alþjóðlegur hjartadagur haldinn víða um heim og á Íslandi er það Hjartavernd sem skipuleggur daginn í samstarfi við Hjartaheill, Neistann og Heilaheill. Hlaupið er áminning um að við hugsum um ofantalið og tökum ábyrgð. Þessi félög hafa í mörg ár staðið að Hjartadagshlaupinu þar sem boðið er upp á 5 og 10 km vegalengdir með flögutíma, hlaupið frá Kópavogsvelli undir styrkri stjórn Breiðabliks.

Í ár verður hlaupið haldið laugardaginn 24.september n.k. og þess má geta að forseti Íslands heiðrar okkur með nærveru sinni og hleypur með.
Fjölmörg fyrirtæki í Kópavogi auk annarra veita verðlaun fyrir árangur í hlaupinu, en kostnaður við hlaupið er nokkur; umsjón af hálfu Breiðabliks og Kópavogsvallar, tímamælingar, veitingar, auglýsingar, verkefnastjórn o.s.frv.
Við leitum til margra aðila til að styðja við áminninguna um hjartaheilsuna okkar, við eigum einungis eitt hjarta.

Ég óska því eftir fjárstyrk frá Kópavogsbæ fyrir hönd hlaupsins og vona að þið takið erindi okkar fagnandi og þátt í að gera viðburðinn vel úr garði og eftirminnilegan.
Ykkar starfsfólk á menntasviði þekkir þennan viðburð vel og getur upplýst um hann og undirrituð getur komið á ykkar fund með skömmum fyrirvara til að útskýra málið.
Við getum líka boðið fræðslu fyrir ykkar starfsfólk eftir samkomulagi og til samræmis við styrkupphæðina.

Við getum okkar stuðningsaðila í öllum auglýsingum sem frá okkur birtast.

Með fyrirfram þökk,
Rannveig Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri Hjartadagshlaupsins.
rannveig@hjartamidstodin.is – sími 825-9570

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026